

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

7869-003-MIN-003-V02

DAGS.

20.02.2023

SENDANDI

Guðmundur Hjaltason

VERKHEITI

Héraðsskjalasafn Árnesinga, húsnæði

VERKKAUPI

Héraðsnefnd Árnesinga bs.

DREIFING

Helgi Kjartansson Héraðsnefnd Árnesinga bs.

Erindi Héraðsnefndar Árnessýslu

Fulltrúi Héraðsnefndar Árnessýslu, Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar hafði samband við Eflu og upplýsti að Héraðsnefndin væri að skoða möguleg kaup á húsnæði fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga. Í framhaldi af bókun fulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss um málið, þar sem ákveðnum efasemdum er lýst varðandi kaupin og bent á aðra mögulega kosti, var óskað eftir umsögn Eflu um spurningar sem lagðar hafa verið fram vegna málsins.

Óskað var svara við eftirfarandi atriðum:

1. Húsið þarf að brunahanna í samræmi við gr 9.2.4 í byggingarreglugerð þar sem geymd eru í húsinu mikil verðmæti. Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss óskar eftir svörum frá Héraðsnefnd Árnesinga um hvort að sú brunahönnun hafi farið fram miðað við breytta notkun. Þá er einnig óskað eftir upplýsingum um kostnað við breytingar á brunavörnum hússins í samræmi við þá hönnun.

2. Aðgengismál. Um er að ræða opinbera byggingu og opinberar byggingar hafa kröfu um aðgengi fyrir alla. Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss óskar eftir upplýsingum um það hvort að unnin hafi verið úttekt á tilgreindu húsi og lóð með tilliti til þess. Bent er á að samkvæmt byggingarreglugerð skal tryggt að fólki sé ekki mismunað um aðgengi og almenna notkun bygginga á grundvelli fötlunar, skerðinga eða veikinda og það geti með öruggum hætti komist inn og út úr byggingum jafnvel við óvenjulegar aðstæður t.d eldsvoða.

Umsögn Eflu verkfræðistofu

Svör við framlögðum spurningum miða við að þær eigi eingöngu við um Hellismýri 8 og einungis þann hluta hússins sem fyrirhugað er að leigja undir starfsemi Héraðsskjalasafns Árnesinga.

Fyrir liggja ófullgerðir aðaluppdrættir af breytingum hússins og miðar umsögn við upplýsingar sem þar koma fram.

Varðandi spurningu 1.

Það staðfestist hér, að samkvæmt grein 9.2.4 í byggingarreglugerð skal brunahanna húsið.

Brunahönnun og brunavarnalýsing, gerð af Brunahönnun slf, kemur fram í byggingarlýsingu á aðaluppdrætti. Fram kemur að ekki er um að ræða frekari brunavarnarskýrslu.

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum vegna mögulegra verðmæta í húsinu og því er ekki gert ráð fyrir sérstökum kostnaði vegna þess.

Varðandi spurningu 2.

Það staðfestist hér, að samkvæmt greinum 6.1.3 og 7.1.2 í byggingarreglugerð skulu opinberar byggingar vera hannaðar og byggðar á grundvelli algildrar hönnunar.

Á fyrirliggjandi aðaluppdrætti kemur fram að „*Aðkoma og húsnæðið þessara matshluta hannað á forsendum algildrar hönnunar skv. gr.6.1.2 og 6.1.3 í byggingarreglugerð.*“

Ekki hefur verið unnin sérstök úttekt á tilgreindu húsi og lóð með tilliti til algildrar hönnunar.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum uppfyllir húsnæðið og lóð þess að mestu leyti kröfur sem gerðar eru til húsnæðis sem hannað er á forsendum algildrar hönnunar.

Ekki er gert ráð fyrir aðgengi hreyfihamlaðra að geymslurými á millilofti.